

## Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla  
um umsækjendur um embætti tveggja settra dómara við  
Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 20.  
desember 2019

Reykjavík, 11. febrúar 2020

## Efnisyfirlit

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti .....	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á .....	2
3. Um málsmeðferð dómnefndar.....	5
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur .....	7
5. Niðurstaða dómnefndar .....	17

## **1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti**

Með bréfi, dags. 13. janúar 2020, fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti tveggja dómara við Landsrétt sem auglýst voru laus til umsóknar 20. desember 2019 í Lögbirtingablaði. Sett verður í embættin hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda hefur lokið störfum.

Upphaflega sóttu um embættin Ása Ólafsdóttir prófessor, Ástráður Haraldsson héraðsdómari, Björn L. Bergsson skrifstofustjóri Landsréttar, Bogi Hjalmtýsson héraðsdómari, Hildur Briem héraðsdómari, Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari, Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari og Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari. Björn L. Bergsson dró umsókn sína til baka.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að allir umsækjendur uppfylli þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Lögum um dómstóla nr. 15/1998 var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein laga nr. 45/2010 er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. að brýnt sé að vandað verði til allrar málsmeðferðar hjá dómnefndinni, en ekki er gert ráð fyrir því að hún raði öllum umsækjendum um embætti í tiltekna flokka. Sé það hlutverk dómnefndarinnar að fjalla um umsækjendur um embætti dómara, draga fram hæfustu umsækjendurna og gera jafnframt grein fyrir því hvern eða hverja hún telur hæfasta úr hópi þeirra. Svo segir: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem

starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnáslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennu verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Páverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.*

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnáslunnar eða fræðistörfum. Miðað

skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998 um dómstóla er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er í athugasemdunum minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (*On the Independence, Efficiency and Role of Judges*) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Síðan skal það tekið fram að þótt nefndin hafi við gerð fyrri umsagna stuðst við reikniskjöl við mat á umsækjendum þá hefur nefndin aldrei gert þau að hluta að áliti

sínu. Þess í stað hefur nefndin ályktað um hverjir teljist hafa verið hæfastir án þess að gefa þeim innbyrðis einkunnir í niðurstöðum sínum.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft að staða umsækjenda í umræddum reikniskjölum sem nefndin studdist við í eldri umsögnum bindi mögulega hendur nefndarinnar. Á þetta getur nefndin ekki fallist, enda er henni skylt samkvæmt lögum og reglum að leggja heildarmat á hæfni umsækjenda á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Auk þess verður að gæta þeirra sjónarmiða sem umboðsmaður Alþingis bendir m.a. á í ársskýrslu sinni árið 2016 um hvernig haga beri mati á umsækjendum um stöður á vegum hins opinbera.

Í fyrri umsögnum dómnefndar hefur tíðkast að gera samanburð á umsækjendum í hverjum matsþætti samkvæmt 4. gr. reglna nr. 620/2010 og raða þeim eftir því hversu vel sú faglega þekking og reynsla sem umsækjendur búa yfir nýtist þeim sem undirbúningur fyrir það embætti sem þeir sækjast eftir. Í þessu áliti hefur dómnefnd tekið þá ákvörðun að breyta frá þessu fyrirkomulagi þar sem nokkuð er liðið á setningartíma þeirra dómenda sem dómnefndin tilnefnir, en samkvæmt auglýsingu um hin lausu embætti mun ráðherra setja í embættin til og með 30. júní 2020. Í niðurstöðu álitsins er því byggt á heildstæðu mati nefndarinnar á umsækjendum á grundvelli ítarlegrar greiningar á þeim gögnum sem umsækjendur hafa lagt fyrir nefndina, auk opinberra upplýsinga og umsagna þeirra einstaklinga sem umsækjendur hafa tilgreint í umsóknum sínum.

### **3. Um málsmeðferð dómnefndar**

Einn nefndarmaður sem skipaður hafði verið í dómnefndina, Kristín Benediktsdóttir, lýsti sig vanhæfa á grundvelli 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreind dómaraembætti. Varamaður Kristínar, Valtýr Sigurðsson, lýsti sig einnig vanhæfan á grundvelli 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreind dómaraembætti. Þann 17. janúar 2020 tilnefndi Hæstiréttur Íslands Reimar Snæfells Pétursson, *ad hoc* sem nefndarmann í dómnefndina. Hinn 20. janúar 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanns teldu þeir

einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Þeim dómnefndarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því.

Í framangreindri auglýsingu frá 20. desember 2019 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Landsrétt upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna. Lagði dómnefndin til grundvallar umsagnir þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem umsagnaraðila.

Þess skal getið að hæfni allra umsækjenda hefur áður verið metin af dómnefnd vegna umsókna þeirra um embætti héraðsdómara, landsréttardómara eða hæstaréttardómara.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 13. janúar 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Í ljósi þess að nefndin kom fyrst saman fullskipuð á fundi þann 22. janúar 2020 lítur hún svo á að þann dag hafi sex vikna afgreiðslufrestur skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 byrjað að líða og beri nefndinni því að skila umsögn sinni eigi síðar en 4. mars 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 3. febrúar 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 10. febrúar kl. 16.00, sbr. 7. gr. reglna nr. 620/2010. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst ef unnt væri.

Athugasemdir bárust frá þremur umsækjendum. Farið var yfir athugasemdir á fundi nefndarinnar 11. febrúar 2020. Sumar þeirra gáfu tilefni til minni háttar breytinga á efni umsagnarinnar frá því sem fram kom í drögum. Með tilliti til athugasemda Söndru ákvað dómnefndin að taka hæfni hennar til að gegna embætti

landsréttardómara til endurmats og varð það til þess að nefndin breytti niðurstöðu sinni.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjendur**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda. Upplýsingarnar eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Ása Ólafsdóttir* er fædd 1. september 1970 og er því 49 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1996. Hún stundaði framhaldsnám við Cambridge-háskóla í Bretlandi og útskrifaðist þaðan með meistaraþróf í lögum árið 2000. Þá hefur umsækjandi sótt námskeið og ráðstefnur á Íslandi og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi 1998 og hlaut leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2005. Árin 1996-1997 starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu. Á árunum 1998-2008 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður og rak þá lögmannsstofuna JP lögmennt í félagi við aðra. Hún var einn af lögmonnum Neyðarmóttöku vegna nauðgana á árunum 2003-2008. Umsækjandinn var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfu árs skeið á árunum 2009-2010. Á þeim tíma tók hún þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Umsækjandinn hefur setið í mörgum úrskurðarnefndum á vegum stjórnslunnar. Árin 2003-2007 var hún nefndarmaður í kærunefnd jafnréttismála. Árin 2005-2011, að frátöldu um einu og hálfu ári sem hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra, var hún formaður áfrýjunarnefndar neytendamála og kveðst hafa samið nær alla úrskurði nefndarinnar. Á árunum 2010-2012 var hún formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnæðismál. Þá var hún varaformaður úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarnamála árin 2006-2012. Á árunum 2012-2015 var hún formaður gjafsóknarnefndar og varaformaður frá 2015 en tók tímabundið aftur við formennsku í nefndinni árið 2017. Á árinu 2012 tók umsækjandinn sæti í óbyggðanefnd og hefur hún verið formaður nefndarinnar frá 2016 og hefur tekið ríkan þátt í samningu



úrskurða nefndarinnar. Umsækjandinn var varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala á árunum 2010-2019. Árin 2013-2015 var hún formaður nefndar um skráningu trúfélaga. Hún sat í stýrihópi um velferðarvakt á árunum 2009-2011. Haustið 2014 var hún lögfræðilegur ráðgjafi framkvæmdahóps stjórnvalda um afnám gjaldeyrishafta og var síðar ráðgjafi Seðlabankans, meðal annars við mat á því hvort stöðugleikaframlög hinna föllnu fjármálafyrirtækja uppfylltu íslensk lög. Umsækjandinn var formaður nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðherra í apríl 2019 um rannsókn og saksókn skattalagabrota. Hún hefur setið í starfshópi mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir í kjölfar #metoo og var skipuð af forsætisráðherra í nefnd um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi. Einnig hefur hún setið í nefnd um dómaraströf, fyrst sem varamaður frá árinu 2011, en sem aðalmaður frá 2013. Þá var hún ritstjóri Lagasafns og í ritstjórn þess frá 2011. Einnig hefur umsækjandinn verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2012 og varaformaður í endurupptökunefnd frá 2017. Hún sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 2007-2009. Þá var hún skipuð af dómsmálaráðherra í vinnuhóp um kosti og galla þess að koma á fót millidómstigi árið 2010, skipuð af fjármálaráðherra í starfshóp sem var falið að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins árið 2009 og af forsætisráðherra í starfshóp árið 2009 sem síðar samdi frumvarp um sanngirnishættur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Þá hefur hún veitt stjórnvöldum ýmsa ráðgjöf. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi 2006-2008, en síðan í fullu starfi 2008-2012, að undanskildum þeim tíma sem hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Frá miðju ári 2012 hefur hún verið dósent við deildina og prófessor frá miðju ári 2018. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaréttar, jafnt í grunnnámi sem meistaranámi, þar af hafa aðalkennslugreinarnar verið samningaréttur og skuldaskilaréttur, en einnig hefur hún annast kennslu í réttarfari og alþjóðlegum einkamálarétti. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður kandidateitgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun

meistararitgerða. Hún hefur einnig haldið fyrirlestra við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og háskóla á Spáni. Þá hefur hún annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málfutnings fyrir héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá er öðlast vilja löggildingu sem bifreiðasalar og réttindanámskeiði fyrir löggildingu verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar-og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur fengist við kennslu á námskeiðum á vegum ýmissa aðila. Umsækjandinn hefur sinnt ritrýni og verið skipuð prófdómari við meistaraprófsvarnir. Þá samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu um stöðu íslensks neytendaréttar sem gefin var út af viðskiptaráðuneytinu árið 2008. Einnig var hún tilnefnd af Háskóla Íslands til þess að gera, ásamt öðrum, úttekt á fjárhagslegri stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og var sú skýrsla birt árið 2012. Samhliða kennslu hefur umsækjandinn sinnt rannsóknum á fræðasviðum sínum. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá 25 ritverkum um lögfræðileg efni, þar af eru þrjár bækur, sex ritrýndir bókakaflar og 12 ritrýndar fræðigreinar. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Neytendaréttur* (2009), samin ásamt Eiríki Jónssyni og er á sviði neytendaréttar eins og heiti hennar ber með sér, *Handbók um gjaldþrotaskipti* (2011), en þar er um að ræða aðra uppfærða útgáfu á bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Þá er umsækjandinn einn þriggja höfundar bókarinnar *Hrunréttur* (2019), þar sem fjallað er um eftirmála hrunsins með aðferðum lögfræðinnar. Umsækjandinn hefur nýlukið ritun verksins *Ógildingarreglur samningaréttar* sem byggir á nokkurra ára rannsóknum á ógildingarreglum samningaréttar og er bókin væntanleg á næstunni. Umsækjandinn var ritstjóri bókarinnar *Restatement of Nordic Contract Law* (2016), auk þess sem hún er meðhöfundur sex kafla bókarinnar. Þá tekur umsækjandi fram að hún hafi ritað greinar í *Lögmannablaðið* og samið kennsluefni fyrir háskóla. Þá tilgreinir umsækjandi að hún hafi haldið 30 fyrirlestra. Árið 2018 hlaut umsækjandinn akademískan framgang í starfi prófessors í réttarfari og fjármunarétti. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún í stjórn styrktarsjóða skólans. Árið 2017 varð hún formaður stjórnar Lagastofnunar. Í júlí 2018 tók hún við stöðu varaforseta lagadeildar Háskóla Íslands. Umsækjandinn

sat í stjórn Lindarhvals ehf., sem var falið að fullnusta og selja stöðugleikaeignir, 2016-2018 og í stjórn Eyrís hf., sem meðal annars á stóran hluta í Marel, frá 2016. Þá hefur umsækjandinn stýrt starfshópum á vegum stjórnvalda um IMMI. Árin 2008-2014 var hún í stjórn styrktarsjóðsins *Þú getur!* sem ætlað er að veita námsstyrki til þunglyndra og þeirra sem þjást af geðröskunum. Þá var hún *ad hoc* nefndarmaður í dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda um embætti tveggja héraðsdómara árið 2012. Hún situr í fulltrúaráði Hjartaverndar og hefur starfað fyrir samtökin í sjálfbodastarfi um langt árabíl. Á árunum 2014-2017 sat hún í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands og í framkvæmdastjórn ÍSÍ frá 2017. Hún átti sæti í laganefnd Lögmannafélags Íslands 2005-2008. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa. Er um að ræða sjö frumvörp meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra og sex frumvörp sem samin hafa verið utan aðalstarfs. Umsækjandinn var settur varadómari við Hæstarétt Íslands í átta málum árið 2018. Auk þess átti hún þátt í ákvarðanatöku um hvort veita eigi áfrýjunarleyfi í einu máli réttarins 2019. Frá árinu 2013 hefur hún verið fastur varadómari við EFTA dómstólinn þar sem hún hefur tekið þátt í meðferð fimm mála.

*Astráður Haraldsson* er fæddur 27. ágúst 1961 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í mars 1990. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í mars 1991 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í maí 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu þar sem hann varð meðeigandi 1992. Frá þeim tíma starfaði umsækjandinn sem sjálfstætt starfandi lögmaður uns hann var skipaður héraðsdómari í byrjun árs 2018. Hann var í hlutastarfi lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands 1995-2000. Frá ársbyrjun 2019 hefur umsækjandinn verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara. Umsækjandinn var í hlutastarfi dósents við Háskólann á Bifröst frá árinu 2002 til september 2017. Við skólann kenndi hann fyrst og fremst vinnurétt í grunnámi, en kom einnig að kennslu í stjórnsýslurétti og starfsmannarétti. Síðari árin fékkst umsækjandinn aðallega við kennslu í fullnusturéttarfari á meistarastigi en einnig á sérstöku námskeiði um málflutning fyrir dómi. Einnig hefur hann kennt á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt frá 2002 til

2006 og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla 2000 og 2004. Hann hefur einnig kennt á námskeiði hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Eftir umsækjandann liggja fjórar tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni auk þess sem hann getur um 13 slík erindi og framsögur á fundum ýmissa félaga og stofnana. Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann hefur tekið sæti í fimm málum í Félagsdómi, hann sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslýsa 1991-1992 og var í samráðsnefnd Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar frá 1995-2000. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003, sat í stjórn Aflvaka Reykjavíkur 1996-2000, var kjörinn í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003. Umsækjandinn átti sæti í háskólaráði Háskóla Íslands 1986-1988 og var í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012. Umsækjandinn sat um skeið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007. Hann var formaður yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 2006, átti sæti í landskjörstjórn 2003-2018 og var formaður hennar 2009-2011. Hluta ársins 2017 sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands. Auk þessa átti hann sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í tengslum við lögmannsstörf sín. Umsækjandinn stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á vatnalögum og kom að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013.

*Bogi Hjálmtýsson* er fæddur 17. febrúar 1963 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1990 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1996. Hann lauk meistaranámi í opinberri stjórnsýslu við stjórnfræðideild Háskóla Íslands 2010 og diplómanámi í opinberri stjórnsýslu við sama skóla 2008. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn 1990-1992 sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Kjósarsýslu. Frá árinu 1992 starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og sinnti þar öllum lögfræðilegum málaflokkum um lengri eða skemmri tíma, þ. á m. annaðist hann alla lögfræðilega innheimtu hjá embættinu. Þá var hann staðgengill sýslumanns frá 1993-2013, auk þess að hafa verið settur sýslumaður í Keflavík og á Hvolsvelli í nokkrum málum. Í nóvember 2013 var umsækjandinn skipaður héraðsdómari og hefur hann síðan þá starfað við Héraðsdóm Reykjaness og Héraðsdóm Reykjavíkur.

Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestur um innheimtumál í tengslum við kennslu hjá Lögmannafélagi Íslands. Þá kom hann að samningu þess frumvarps er varð að lögum nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Einnig hefur hann starfað í vinnuhópum á vegum fjármála- og dómsmálaráðuneytis er fjölluðu um nauðungarsölu og afskriftir á gjöldum til ríkissjóðs. Þá var hann um tíma dómari í dómstól KKÍ.

*Hildur Briem* er fædd 14. júlí 1973 og er því 46 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 2000. Hún stundaði nám í Evrópurétti við Háskólann í Lundi frá hausti 2004 og lauk því með meistaragraðu í júní 2005 með láði. Árið 2004 sat umsækjandinn tíma í kjörgreininni „Strafferetspleje og Retssikkerhed“ við Kaupmannahafnarháskóla, án próftökuréttar, og á árunum 2009-2011 lauk hún 18 af 24 einingum í diplómanámi við Háskóla Íslands í opinberri stjórnáslu. Að auki hefur hún sótt námskeið, málþing og ráðstefnur á vegum annarra. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður árið 2001. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, þar sem hún starfaði í rösklega fjögur og hálf ár, að teknu tilliti til námsleyfis. Lengst af var hún lögfræðingur rannsóknardeildar ofbeldis- og kynferðisbrota, en kom einnig að rannsókn annarra brota. Að loknu fyrrgreindu meistaránámi hóf hún störf hjá umboðsmanni Alþingis í ágúst 2005 og starfaði þar til vors 2008. Í maí það ár varð hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Austurlands. Hún var sett dómari við þann dómstól frá 1. september 2011. Í október sama ár var hún skipuð í embætti héraðsdómara og dómstjóra við Héraðsdóm Austurlands. Frá 1. janúar 2018 hefur umsækjandinn starfað sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Á árunum 2006 til 2010 sinnti umsækjandinn stundakennslu í stjórnáslurétti II við lagadeild Háskóla Íslands. Hún hefur einnig sinnt annars konar kennslu, svo og haldið fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni. Umsækjandinn sat í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2013-2017 jafnframt sem hún sat sem varamaður í dómstólaráði árið 2017 og var kölluð til setu í ráðinu á tveimur fundum. Umsækjandinn hefur setið í áfrýjunarnefnd ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi frá byrjun árs 2016. Hún var formaður kærufundar jafnréttismála í einu máli á árinu 2016 og hefur verið varamaður í

kæruneftnd útboðsmála frá apríl 2019. Umsækjandinn var árið 2018 kvödd til sem varadómarl til að dæma í þremur málum við Hæstarétt Íslands.

*Ingbjörg Þorsteinsdóttir* er fædd 29. apríl 1964 og er því 55 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992. Árið 1996 lauk hún diplómanámi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og meistaraprófi í starfsmannastjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow í Skotlandi 2001. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1997. Árið 2017 lagði umsækjandinn stund á nám í sáttamiðlun við Háskólann í Kaupmannahöfn. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn í fjóra mánuði við þinglýsingar hjá sýslumanninum í Kópavogi. Í lok árs 1992 hóf hún störf sem deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og starfaði þar til 1999, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra. Á árunum 1995-1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendineftnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetri í Brussel. Árin 2000-2001 starfaði hún sem starfsmannastjóri hjá Frjálsa fjárfestingabankanum. Umsækjandinn var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001-2005 og svo aftur í átta mánuði 2011. Sat hún samhliða í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans á þessum tíma og gæðaráði hans 2003-2005. Jafnframt var hún lektor við skólann frá árinu 2002 og dósent þar frá 2008, en frá ársbyrjun 2012 var hún í leyfi frá því starfi. Helstu kennslugreinar hennar voru almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur, og stjórnsýsla skattamála. Enn fremur hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerða við lagadeild Háskólans á Bifröst. Hún var stundakennari við Háskólann á Akureyri 2011 og 2012 jafnframt sem hún hefur verið gestafyrirlesari við Háskólann í Reykjavík og úrskurðað í kærumálum vegna prófa í almennri lögfræði við sama skóla. Í mars 2012 var umsækjandinn sett héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og gegndi hún því embætti þar til hún var skipuð héraðsdómari í byrjun árs 2013. Umsækjandinn getur um sjö fræðigreinar og eru tvær þeirra ritrýndar. Í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Flestar greinarnar eru á sviði skattaréttar. Þá getur hún um eina kennslubók, *Lögfræði, réttarheimildir og aðferð lögfræðinnar* (2010). Einnig hefur hún unnið að tveimur víðtækum rannsóknarverkefnum fyrir erlenda aðila og flutt fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni. Umsækjandinn var formaður kæruneftndar

greiðsluaðlögunarmála á árunum 2010-2012. Hún var varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins í u.þ.b. tvö ár, 2011-2013, og sat í prófnefnd verðbréfavíðskipta 2011-2012. Umsækjandinn átti sæti í landskjörstjórn 2003-2006 og í yfirkjörstjórn Reykjarvíkurkjördæmis norður 1999-2003. Á árunum 1992-1994 var hún framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar í hlutastarfi. Umsækjandinn var stjórnarmaður í stjórn Háskólans á Bifröst 2012-2013 og sat í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2014-2019, þar af varaformaður 2014-2017 og formaður félagsins 2017-2019. Þá sat hún í stjórn SEND 2016-2019 og var varamaður í dómstólaráði 2015-2017. Hún sat í fjölmörgum nefndum, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997-1999, og kom að samningu fjölda lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún gegndi störfum í fjármálaráðuneytinu. Frá ársbyrjun 2019 hefur umsækjandinn verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara. Umsækjandinn tók í þrjú skipti sæti sem varadómari í Hæstarétti Íslands árið 2018.

*Ragnheiður Snorradóttir* er fædd 21 júlí 1965 og er því 54 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og meistaraprófi í skattarétti frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn 2007. Haustið 2012 lagði hún stund á nám í almennu einkamálaréttarfari, félagarétti og alþjóðalögum við Árósarháskóla. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og hjá Lögmannafélagi Íslands. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1996. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá skattstjóranum í Reykjavík og starfaði þar til 1994. Á árunum 1994-2007 starfaði hún í fjármálaráðuneytinu, nánar tiltekið á tekju- og lagaskrifstofu þess, þar af var hún staðgengill skrifstofustjóra 1998-2007 og settur skrifstofustjóri um fjögurra mánaða skeið 2007. Árin 2007-2010 starfaði hún í yfirskattanefnd í fullu starfi. Hún hóf störf hjá LEX lögmannsstofu 2010 og starfaði þar uns hún var skipuð héraðsdómari í byrjun árs 2013. Samhliða fyrrgreindum stjórnsýslustörfum gegndi umsækjandinn formennsku í fjölmörgum nefndum og átti sæti í enn fleiri nefndum, sem m.a. komu að samningu lagafrumvarpa og reglugerða, einkum á sviði skattaréttar. Á árunum 2005-2010 var umsækjandinn stundakennari við Háskólann á Bifröst og frá 2009-2013 sinnti hún stundakennslu í innlendum og alþjóðlegum skattarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Kennslugrein hennar hefur verið skattaréttur, þ.á m. alþjóðlegur skattaréttur. Haustin 2017 og 2019

var umsækjandinn stundakennari í réttarfari við Háskóla Íslands á námskeiði er nefnist hlutverk dómara og lögmanna við meðferð einkamála og sakamála. Jafnframt kenndi hún sönnunarreglur í einkamálum haustið 2019. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá sex ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru fimm fræðigreinar og eru þrjár þeirra ritryndar. Ritið nefnist *Tvísköttunarsamningur og evrópskar skattareglur* (2011), og var það samið ásamt Stefáni Má Stefánssyni, og er það ritrynt. Þá hlaut hún árið 2012 rannsóknarstyrk frá Norræna skattrannsóknarráðinu til að skrifa grein á sviði skattaréttar sem birtist árið 2016 í Tímariti lögfræðinga. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum fjármálaráðuneytisins sem og annarra ráðuneyta, þ. á m. var hún formaður prófnefndar um viðurkennda bókara 1998-2002. Umsækjandinn var formaður nefndar um eftirlit með að gjaldtöku- og skattlagningarákvæði samrýmist stjórnarskrá 1999-2006 og formaður nefndar um endurútgáfu laga um tekjuskatt og eignarskatt 2002-2003. Umsækjandinn sat í nefnd dómsmálaráðherra um réttaraðstoð við að leita nauðasamninga frá 1997-2007. Jafnframt sat hún í nefnd um samningu reglugerðar um skatteftirlit 1998-2000. Hún sat í stjórn Gjaldheimtu Vestmannaeyja árin 1996-2004 og í Norræna skattrannsóknarráðsins 1999-2007. Þess má loks geta að árið 2008 samdi hún ásamt öðrum nefndarmanni í yfirsattanefnd frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustunni.

*Sandra Baldvinsdóttir* er fædd 7. október 1970 og er því 49 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands í júní 1996. Haustið 2003 hóf hún framhaldsnám við sömu lagadeild og hlaut meistaragráðu í þjóðarétti og umhverfisrétti í júní 2005. Auk þess hefur hún sótt námskeið á sviði lögfræði á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og fleiri félaga og stofnana. Í nóvember 1998 öðlaðist hún réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu til loka október 1999. Þá tók hún við starfi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar sem hún starfaði til loka september 2006, lengst af á dómsmála- og löggæslusviði en á lagaskrifstofu ráðuneytisins frá september 2005. Þar sinnti hún margbreytilegum verkefnum en sem dæmi nefnir hún að hún hafi kveðið upp fjölda úrskurða, sinnt upplýsingagjöf til stofnana ráðuneytisins og einstaklinga,



svarað fyrirspurnum Alþingis, tekið þátt í stefnumótun í ýmsum málaflokkum og undirbúið lagafrumvörp og reglugerðir. Þá stýrði hún og sat í fjölda nefnda á vegum ráðuneytisins og sinnti alþjóðastarfi á vettvangi Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Hún var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þrívægis, frá 1. mars 2006 til 31. júlí 2006 (í leyfi frá störfum í ráðuneyti í fimm mánuði), 1. október 2006 til 31. mars 2007 og 15. apríl 2007 til 15. maí 2008. Þann dag var hún skipuð í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjanes og hefur gegnt því starfi síðan. Þá hefur umsækjandinn verið varadómstjóri sama dómstóls frá 1. ágúst 2017. Af öðrum störfum skal nefnt að 1999 kenndi umsækjandinn á námskeiði til löggildingar fasteignasala sem og námskeiði hjá miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um lög um fjöleignahús. Hún hefur ritað eina tímaritsgrein um lögfræði, fjölda greina í dagblað árin 1996-1999 um réttarstöðu húseigenda og haldið fyrirlestra um lögfræðileg málefni. Umsækjandinn hefur setið í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum, einkum á þeim tíma sem hún starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Eftir lok starfa þar hefur hún einnig sinnt nefndastörfum. Hún var fulltrúi í prófnefnd um útgáfu vottorða til flutninga á hættulegum farmi 2005-2007 og í vinnuhópi dómstólaráðs vegna stefnumótunar héraðsdómstólanna 2012. Þá sat hún í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2013-2018, og hefur verið varamaður í kærunefnd útboðsmála frá því í maí 2013. Enn fremur hefur hún setið í siðaráði Dómarafélags Íslands frá nóvember 2018. Umsækjandinn var í starfshópi Dómarafélags Íslands um siðareglur dómara 2014-2017 og varamaður í prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður frá 1. mars 2015. Af öðrum aukastörfum nefnir hún að hún hafi verið formaður siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands 1999, varaformaður umferðarráðs 2002-2004, formaður félags sumarhúsaeygenda í Hvammi í Skorradal 2005-2006, í varastjórn Húseigendafélagsins 2000-2006 og í Happraettisráði SÍBS 2004-2006. Þá var hún formaður skíðadeildar Breiðabliks 2008-2010. Umsækjandinn tók sæti bæði í stjórn sem og landsliðsnefnd Dansíþróttasambands Íslands 2018 og hefur verið formaður laganeftndar sambandsins frá 2019.

## 5. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna þeim tveimur embættum landsréttardómara sem auglýst voru laus til setningar í Lögbirtingablaðinu 20. desember 2019. Samkvæmt auglýsingunni mun ráðherra setja í embættin til og með 30. júní 2020.

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín samkvæmt 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þau sjónarmið hafa samkvæmt eðli máls og orðalagi laganna og reglnanna mismunandi vægi innbyrðis, þótt öll séu þau mikilvæg, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu án tillits til hinna. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2016, reglna nr. 620/2010 og meginreglum stjórnisýsluréttar ber að byggja niðurstöður á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða. Í samræmi við þann grundvöll sem þar er lagður og í fyrri störfum dómnefndar samkvæmt lögunum skiptir mestu máli að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum, fræðistörfum og þeim stjórnisýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig skiptir máli hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Ekki þykir hins vegar ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki, þótt einn þeirra eða fleiri hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar. Og þótt farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjenda koma engu að síður önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni þeirra við lögfræðilega greiningu þeirra álitamála sem leysa þarf úr fyrir dómi, sjálfstæði, óhlutdrægni, skilvirkni í starfi og hæfni í mannlegum samskiptum.

Dómnefndin hefur kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár, innsend gögn umsækjenda og opinberar upplýsingar og er álitid byggt á því sem þar kemur fram. Þá telja nefndarmenn að heildstætt mat byggt á málefnalegum sjónarmiðum hljóti að taka mið af því sem um er getið í umsögnum þeirra sem umsækjendur tilgreindu. Á

grundvelli þeirra sjónarmiða sem lýst er í lögum nr. 50/2016 og reglum nr. 620/2010 er ljóst að allir umsækjendur eru vel hæfir til að gegna embætti landsréttardómara. Þrjú þeirra standa þó öðrum framar, Ása Ólafsdóttir, sem nefndin telur hæfasta, en næst henni koma jafnsett Ástráður Haraldsson og Sandra Baldvinsdóttir. Öll búa þau að yfirgripsmikilli þekkingu á ýmsum sviðum lögfræði, auk fjölbreyttrar reynslu af störfum í lögmennsku, stjórnsýslu og við dómstóla.

### Ályktarorð:

Þeir umsækjendur sem dómnefnd metur hæfasta til þess að verða settir í embætti dómara við Landsrétt, sem auglýst voru laus til setningar 20. desember 2019, eru Ása Ólafsdóttir, sem metin er hæfust, og Ástráður Haraldsson og Sandra Baldvinsdóttir, sem metin eru jafnsett.


Reykjavík, 11. febrúar 2020



Ingimundur Einarsson




Ragnheiður Harðardóttir



Ragnhildur Helgadóttir



Óskar Sigurðsson



Reimar Pétursson